


október 2020



Breytingar í þágu farsældar barna

| Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið





Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

- Lögunum er ætlað að stuðla að farsæld barna í barnvænu, heilsueflandi og valdeflandi samfélagi.
- Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.
- Um er að ræða nýja heildarlöggjöf sem ætlað er að ná utan um samþættingu allrar þjónustu í þágu farsældar barna en slík þjónusta er eðli málsins samkvæmt mjög fjölbreytt.



Þjónusta í þágu farsældar barns

- Þjónusta í þágu farsældar barna nær frá grunnþjónustu sem er aðgengileg öllum börnum og/eða foreldrum til frekari stigskiptrar einstaklingsbundinnar þjónustu, m.a. á sviði menntamála, heilbrigðismála, löggæslu, félagsþjónustu og barnaverndar.
- Til þjónustuveitenda teljast t.d. leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, framhaldsskólar, heilsugæsla, sérhæfð heilbrigðisþjónusta o.fl.
- Allt skipulagt starf annarra en þjónustuveitenda sem á þátt í að styðja og efla farsæld barns er síðan skilgreint sem almenn þjónusta í þágu farsældar barna, t.d. þjónusta sjálfstætt starfandi sérfræðinga, íþróttá-, lista- og æskulýðsstarf og starfsemi frjálsra félaga- og hagsmunasamtaka.



Stigskipting þjónustu í þágu farsældar

Fyrsta stig

Grunnþjónusta og snemmtækur stuðningur.

Tengiliður þjónustu í þágu farsældar barns.

Annað stig

Markvissari stuðningur.

Málstjóri þjónustu í þágu farsældar barns, stuðningsteymi og stuðningsáætlun.

Þriðja stig

Sérhæfðari stuðningur.

Málstjóri þjónustu í þágu farsældar barns, stuðningsteymi og stuðningsáætlun.



Tengiliður fyrsta stigs þjónustu

- Öll börn skulu hafa aðgang að tengilið eftir því sem þörf krefur.
- Tengiliðir geta t.d. verið starfsmenn:
 - Heilsugæslu
 - Leikskóla
 - Grunnskóla
 - Framhaldsskóla
 - Félagsþjónustu



Tengiliður fyrsta stigs þjónustu

Veitir upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns samkvæmt óskum foreldra og/eða barns.

Hefur eins fljótt og unnt er samband við foreldra, og barn eftir atvikum, ef hann fær upplýsingar um vísbendingar um að þörfum barns fyrir þjónustu sé ekki mætt.

Aðstoðar við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns samkvæmt beiðni foreldra og/eða barns.

Skipuleggur og fylgir eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns samkvæmt beiðni foreldra.

Kemur upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns að höfðu samráði við foreldra og/eða barn.

Tekur þátt í stuðningsteymi eftir því sem við á.



Málstjóri annars og þriðja stigs þjónustu

Veitir ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns samkvæmt óskum foreldra og/eða barns.

Hefur eins fljótt og unnt er samband við foreldra, og barn eftir atvikum, ef hann fær upplýsingar um þörf barns fyrir þjónustu á öðru eða þriðja stigi.

Aðstoðar við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns samkvæmt beiðni foreldra og/eða barns.

Ber ábyrgð á og leiða stuðningsteymi og gerð stuðningsáætlunar.

Fylgir því eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við stuðningsáætlun.

Veitir þeim sem sitja í stuðningsteymi ráðgjöf og upplýsingar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns.



Skyldur þjónustuveitenda

- Fylgjast með og greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt.
- Geta miðlað upplýsingum til tengiliðar og/eða málstjóra.
- Vinna með öðrum þjónustuveitendum bæði innan og utan teyma.
- Geta tekið sæti í stuðningsteymi að beiðni málstjóra og koma þá að gerð stuðningsáætlunar.



Farsældarráð barna

Skipað til fjögurra ára í senn.

Fulltrúar ráðherra sem bera ábyrgð á þjónustu í þágu barna.

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þátttaka barna í starfsemi þess tryggð.

Markar stefnu stjórnvalda um farsæld barna og fylgist með framkvæmd.

Svæðisbundin ráð

Umdæmi ákveðin af ráðherra í reglugerð.

Fulltrúar þjónustuveitenda samkvæmt ákvörðun sveitarstjórna, þ.m.t. frá félagsþjónustu, barnavernd og skólaþjónustu, auk fulltrúa frá ungmennaráði sveitarfélagsins.

Einnig fulltrúar frá heilsugæslu eða heilbrigðisstofnun í viðkomandi heilbrigðisumdæmi og frá lögreglu í viðkomandi lögregluumdæmi o.fl.



Breytingar á stjórnsýslu og eftirlit með velferðarþjónustu



Markmið breytinga á stofnanauppbyggingu

- Skýra skil milli eftirlits og stjórnsýslu.
- Styrkja eftirlit með gæðum.
- Sameina og styrkja stjórnsýslu- og þjónustuverkefni í þágu barna.



Eftirlit með gæðum: Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála

- Samræmd leyfakerfi fyrir einkaaðila.
- Rúmar heimildir til að fara í frumkvæðiseftirlit.
- Kvartanir frá notendum þjónustu.
- Afleiðingar brota geta verið svipting leyfis eða dagsektir.
- (Endurskoðun á reglum um inntak þjónustu.)



Sameinuð stjórnsýslu- og þjónustuverkefni: Barna- og fjölskyldustofa

- „Verkfærakista.“
- Þróun, uppbygging og rekstur heimila og annarra úrræða ríkisins.
- Fræðsla, leiðbeiningar, stuðningur og ráðgjöf.
- Söfnun og vinnsla upplýsinga, rekstur gagnagrunna o.fl.
- Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna.



Mars - maí 2020
Unnið að ítarlegu
mati á
fjárhagslegum og
hagrænum áhrifum
samþættingar
þjónustu í þágu
farsældar barna

Apríl 2020
Lokadrög að
lagafrumvörpum
tilbúin

Maí 2020
Frekara samráð
vegna draga að
lagafrumvörpum
og drög að
frumvörpum birt í
samráðsgátt
stjórnvalda

**Maí – september
2020**
Skoðun reglugerða
sem og vinna við
endurskoðun á
öðrum lögum þar
sem mælt er fyrir
um þjónustu í þágu
barna

Október 2020
Frumvörp til laga
um samþættingu,
Gæða- og
eftirlitsstofnun og
Barna- og
fjölskyldustofu
lögð fram á
Alþingi

Október 2020
Frumvarp til nýrra
laga um
barnavernd og
annarra laga þar
sem mælt er fyrir
um þjónustu í þágu
barna lögð fram á
Alþingi

Október 2021
Áætluð gildistaka
þeirra
lagabreytinga sem
lagðar verða til

Október 2021 - ...
Innleiðing nýrrar
löggjafar, aðlögun
og eftirfylgni

